

Umsókn um útgreiðslu séreignarsparnaðar

hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum, samkvæmt lögum um ráðstafanir í skattmálum -21.12.2009

Nafn réttihafa	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer
Netfang	Sími/GSM

Inneignin óskast lögð inn á:

Nafn banka og útibús	Tegund reiknings	Reikningsnúmer
----------------------	------------------	----------------

Tilhögun útborgunar. *

Fjárhæð _____ úr ávöxtunarleiðum _____
 Fjárhæðin færir á Innlánsleið, verðtrygðan innlánsreikning, næsta virka dag eftir móttöku þessarar umsóknar.

Átt þú inneign í séreignarsparnaði hjá öðrum vörsluaðila? Já Nei

Ef já, hjá hvaða vörsluaðila? _____

*) Útborgun séreignarsparnaðar fer fram 1. virka dag hvers mánaðar. Umsókn um útborgun þarf að berast sjóðnum fyrir 20. dag mánaðar vegna útborgunar um næstu mánaðamót á eftir.

Staðgreiðsla skatta

Staðgreiða skal skatt af útborgun séreignarsparnaðar.
 Það er á ábyrgð lífeyrisþega að láta sjóðinn vita sé óskað eftir að skattgreiðsla verði með öðrum hætti en lífeyrisupphæð frá sjóðnum segir til um. Er það gert með því að láta vita um aðrar mánaðarlegar skattskyldar tekjur á ársgrundvelli.

Aðrar mánaðarlegar skattskyldar tekjur: _____

Skattþrep 1 (37,22% skattur á heildar skattskyldar tekjur undir 200.000 kr. á mánuði)

Skattþrep 2 (40,12% skattur á heildar skattskyldar tekjur frá 200.000 til 650.000 kr. á mánuði)

Skattþrep 3 (46,12% skattur á heildar skattskyldar tekjur umfram 650.000 kr. á mánuði)

Undirritun:

Undirritaður réttihafi staðfestir ofangreinda umsókn með undirritun sinni og lýsir því jafnframt yfir að hann hafi kynnt sér meðfylgjandi 41.gr. ofangreindra laga.

Dagsetning

Undirskrift réttihafa

Útfyllt af Sameinaða lífeyrissjóðnum:

Umsókn móttakin	Greiðslutímabil:	Upphæð:
<div style="border: 1px solid black; width: 300px; height: 60px;"></div>	_____	_____
	_____	_____
	_____	_____

Úr lögum um ráðstafanir í skattamálum, samþ. á Alþingi 21. desember 2009:

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

.....

41. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt, á tímabilinu 1. janúar 2010 til 1. apríl 2011, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar réttihafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem 1. janúar 2010 nemur samanlagt allt að 2.500.000 kr. óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í 23 mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttest hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 2.500.000 kr. er að ræða.

Við ákvörðun fjárhæðar réttihafa til útborgunar skal draga frá hámarksfjárhæð, þ.e. allt að 2.500.000 kr., samanlagða fjárhæð þess séreignarsparnaðar sem þegar hefur verið greiddur út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2010. Greiðslum samkvæmt eldra ákvæði skal vera lokið áður en greiðslur hefjast samkvæmt ákvæði þessu.

Óski réttihafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef réttihafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn réttihafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.

Um afgreiðslu umsókna, sem borist hafa í gildistíð eldra ákvæðis og óafgreiddar kunna að vera, skal fara eftir ákvæði þessu, svo breyttu, frá og með gildistöku þess.